



Samstarf heimila og skóla

1. Samstarfið um barnið-nemandann

- Einkaviðtöl kennara og foreldra með/án nemanda
- Viðtalstími kennara
- Mentor - Netsamskipti
- Heimanám, vikuáætlanir
- Samskiptabók
- Einkunnabók/námsmat
- Heimsóknir foreldra í kennslustundir
- Námssefniskynningar eða fundir með foreldrum barna í bekknum
- Fréttabréf úr bekkjarstarfinu
- Heimsóknir kennara heim til barna, húsvitjun

2. Samstarfið um bekkinn

Samstarf foreldra

Foreldrar sem eiga börn á sama aldri eiga ýmislegt sameiginlegt og vilja gjarnan stilla saman strengi sína. Samráð og samræður foreldra innan bekkjarins um t.d. útvist, síma- og tölvunotkun, vasapeninga, svefntíma, afmælisboð og partí hafa auðveldað mörgum foreldrum að standa móti þrýstingi eins og "allir hinir mega".

Samstarf bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara

Bekkjjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra í hverjum bekk. Þeir eru tenglar milli foreldrahópsins og kennarans og geta aðstoðað kennara og foreldra við úrlausn ýmissa mála sem upp kunna að koma í bekknum.

Samstarf kennara og foreldra

Bekkjarkennarinn miðlar foreldrahópnum ýmsum upplýsingum t.d. á námskynningarfundum á haustin. Þátttaka foreldra í vettvangsferðum, við starfskynningar eða heimsóknir foreldra í bekkinn efla skilning foreldra á aðstöðu barna og kennara.

Samstarf foreldra, kennara og nemenda

Skemmtanir, bekkjarkvöld, ferðalög, umræðufundir þar sem foreldrar, nemendur og kennarar hittast í félagslífi bekkjarins, kynnast og eiga ánægjulegar stundir saman. Starfið er skipulagt af foreldrum en kennarinn mætir eftir því sem hann hefur tök á.

